

Nd.

324. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Ráðherra skipar 3 yfirkjötmatsmenn til að hafa umsjón með mati á öllu því kjöti, er nota skal samkvæmt 6. gr. Skulu þeir hafa fullkomna þekkingu á kjöti og öllu, sem lýtur að meðferð þess.

Ráðuneytið setur yfirkjötmatsmönnum reglur um störf þeirra og ákveður umdæmi þeirra. Ekki mega yfirkjötmatsmenn þiggja neina þóknun hjá þeim, er við útflutning kjöts eru riðnir, né heldur hafa með höndum sölu á kjöti né neinskonar milligöngu í því efni, er þeir geta haft hagnað af.

Yfirkjötmatsmenn hafa að ársláunum 600 krónur. Einnig skulu þeir hafa ferðakostnað eftir sanngjörnum reikningi, er ráðuneytið úrskurðar, og 4 krónur fyrir fæði og húsnæði fyrir dag hvern sem þeir eru frá heimilum sínum vegna yfirmatsins. Allur kostnaður, sem leiðir af yfirmatinu, greiðist úr rikissjóði.

Greinargerð.

Með kjötmatslögum 1933 var ákveðið, að yfirkjötmatismaður yrði einn, en hefði sér til aðstoðar þrjú menn. Reynslan hefir nú sýnt, að það er ofvaxið einum manni að vera yfirkjötmatismaður yfir öllu landinu, og því er það, að nú er aftur lagt til, að þeim sé fjölgað. Kostnaðarauki verður enginn af þessari breyting, en það ætti að fást meiri trygging fyrir því, að yfirkjötmatismaðurinn kæmi á sláturstað, athugaði hús og umbúnað allan, og samræmdi mat undirkjötmatsmanna, eftir því sem þurfa þætti.

Breytingartillaga þessi er fram borin eftir ósk ráðuneytisins í bréfi til landbúnaðarnefndar þ. 25. þ. m., og leggur ráðuneytið áherzlu á, að breytingartillagan nái fram að ganga á þessum þinghluta, svo matið geti orðið sem best samræmt í haust.